

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t. Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. febrúar 2011.


Efni: Frumvarp til laga um tekjuskatt (275. mál) (skilyrði sjómannaafsláttar)

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp, sem felur í sér endurupptöku á sjómannaafslætti.

Viðskiptaráð Íslands hefur mælt fyrir einföldun á skattkerfi og gegnsæjum reglum. Mikilvægt er að kerfið sé einfalt í framkvæmt og auðvelt í skoðun, jafnræðis verður að gæta meðal mismunandi stétta út frá skattalegu sjónarmiði. Þau sjónarmið sem liggja að baki sjómannaafsláttar í dag samrýmast ekki þeirri hugsjón. Uppruna hans má rekja til mun breyttari tíma en við búum við í dag. Forsendur þær sem lágu að baki honum á þeim tíma eru að mestu leyti ekki lengur til staðar. Af þessum sökum getur Viðskiptaráð ekki mælt fyrir endurupptöku sjómannaafsláttar í lög.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái ekki fram að ganga.

Virðingarfyllst,



Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs